

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 31/1996.

Saltkaup hf.

(Sigurður Georgsson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

Skuldskeyting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. janúar 1996. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 6.559.235 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 1. september 1992 til greiðsludags. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í héraðsdómi, færði áfrýjandi í bókhaldi sínu 30. september 1992 viðskiptaskuld stefnda við sig, að fjárhæð 6.559.253 krónur, á viðskiptareikning Borgeyjar hf., sem sama dag gaf út fjögur skuldabréf, samtals að fjárhæð 8.000.000 krónur, og afhenti áfrýjanda, sem skráður var kröfuhafi á bréfin. Var þetta gert, eftir að Borgey hf. keypti fiskverkunar- og útgerðarrekstur stefnda, eins og nánar er rakið í dóminum.

Hinn 9. febrúar 1993 sendi framkvæmdastjóri áfrýjanda stefnda í símbréfi viðskiptayfirlit („hreyfingalista“), sem sýnir, að áfrýjandi færði fyrrgreinda skuld af viðskiptareikningi stefnda áður nefndan dag. Er við færslu fjárhæðarinnar 6.559.253 krónur skrifað: „Borgey yfirtekur“. Er ágreiningslaust, að símbréfið barst stefnda þannig áritað. Þegar þetta er virt og litið til fyrri samskipta áfrýjanda og Borgeyjar hf., verður að telja, að með orðsendingu þessari hafi áfrýjandi með nægilega skýrum hætti leyst stefnda undan skyldu til að greiða hina umdeildu skuld.

Með þessum athugasemdum verður niðurstaða hins áfrýjanda dóms staðfest um annað en málskostnað, en áfrýjandi verður

dæmdur til að greiða málskostnað í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Saltkaup hf., greiði stefnda, Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga, samtals 450.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Austurlands 17. nóvember 1995.

I.

Ár 1995, föstudaginn 17. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-7/1994.

Stefnandi er Saltkaup hf., kt. 460290-1559, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.

Stefndi er Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, kt. 680169-3229, Hafnarbraut 40, Höfn.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til greiðslu 6.559.235 króna ásamt dráttarvöxtum frá 1. september 1992 samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1993, en síðan árlega eftir þann dag. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

II.

Með samningi 8. júlí 1992 tók Borgey hf. að sér fiskverkun og útgerð, sem stefndi hafði um áráðil stundað á Höfn í Hornafirði. Í samningnum var m. a. kveðið á um, að Borgey hf. tæki á sig rekstrarlán stefnda vegna saltkaupa, en stefnandi hafði selt stefnda salt til fiskvinnslu. Síðustu saltkaup stefnda voru bókfærð hjá stefnanda 14. júlí 1992, en eftir þá færslu nam viðskiptaskuld stefnda við stefnanda 6.914.228 kr. Vegna yfirtökunnar tilkynnti fjármálastjóri Borgeyjar hf. fyrirsvarsmanni stefnanda í ágúst eða septembermánuði 1992, að Borgey hf. ætlaði að borga viðskiptaskuld þá, sem stefndi var í við stefnanda vegna saltkaupa. Stefnandi andmælti ekki þessu fyrirkomulagi.

Borgey hf. hóf að taka út salt hjá stefnanda í reikning 14. ágúst 1992 á

sama hátt og stefndi hafði áður gert. Hinn 30. september 1992 færði stefnandi í bókhaldsgögnum sínum viðskiptaskuld stefnda við sig, sem þá nam 6.559.253 kr., yfir á viðskiptareikning Borgeyjar hf. Pennan sama dag gaf Borgey hf. út fjögur skuldabréf, hvert að fjárhæð tvær milljónir kr., og afhenti stefnanda, sem skráður var kröfuhafi á bréfin. Stefnandi framseldi bréfin, en varð aftur handhafi þeirra 28. apríl 1994, þegar hann leysti þau til sín, þar sem bréfin fengust ekki greidd.

Hinn 9. febrúar 1993 sendi framkvæmdastjóri stefnanda aðalbókara stefnda í myndsendi afrit viðskiptareiknings stefnda úr bókhaldi stefnanda, þar sem fram kom, að stefnandi hafði fært áðurnefnda skuld stefnda á viðskiptareikning Borgeyjar hf.

Stefndi fyrir sitt leyti færði skuld þá, sem deilt er um í máli þessu, úr bókum sínum 16. febrúar 1993.

Frá því að viðskipti Borgeyjar hf. og stefnanda hófust í ágúst 1992 og til nóvembermánaðar 1993, færði stefnandi Borgey hf. til gjalda tæplega 22 milljónir vegna saltkaupa, affalla af viðskiptabréfum og vaxta af viðskiptareikningi auk viðskiptaskuldar stefnda, sem var, eins og áður segir, færð inn á reikning Borgeyjar 30. september 1992. Sem greiðslur inn á viðskiptareikning Borgeyjar hf. færði stefnandi liðlega 22 milljónir. Þar af hefur Borgey hf. greitt um 8,3 milljónir í reiðufé eða með þjónustu við stefnanda, en afhent viðskiptabréf, að fjárhæð tæplega 14 milljónir, þar með talin áðurnefnd fjögur skuldabréf í september 1992, að fjárhæð 8 milljónir. Af viðskiptabréfum þessum hafa greiðst um 1,5 milljónir, en stefnandi hefur fært mismuninn að nýju sem ógreiddan á viðskiptareikning Borgeyjar hf.

Borgey hf. var veitt heimild til greiðslustöðvunar 26. maí 1993. Í kjölfar greiðslustöðvunar fékk Borgey hf. heimild til nauðasamningsumleitana, og var nauðasamningur félagsins staðfestur 14. febrúar 1994. Stefnandi lýsti samningskröfum, samtals að fjárhæð 13.930.626 kr., en að stórum hluta sem skilyrtri kröfu skv. 31. gr. laga nr. 21/1991 vegna þeirrar deilu, sem hér er til úrlausnar.

Stefnandi sendi stefnda innheimtubréf 2. og 17. september 1993. Með bréfi, dagsettu 20. september 1993, hafnaði stefndi kröfu stefnanda með sömu rökum og hann byggir á í þessu máli.

III.

Stefnandi styður kröfu sína því, að stefndi hafi pantað og fengið afhent salt að verðmæti stefnufjárhæðarinnar og beri því ábyrgð á greiðslu fyrir það. Krafan hafi ekki greiðst, og stefndi hafi engar kvittanir eða önnur sönnunargögn, sem sýni, að stefnandi hafi fallið frá kröfum á hendur stefnda. Stefnandi hafi aldrei, hvorki með orðum né athöfnum, leyst

stefnda undan greiðsluábyrgð með því að samþykkja skuldaraskipti að kröfunni. Hins vegar hafi stefnandi ekki talið hag sínum verr borgið, þó að skuldarar yrðu tveir í stað eins. Stefnandi kveðst hafa flutt kröfuna yfir á Borgey hf. í bókhaldi sínu eingöngu í því skyni, að ekki myndaðist misræmi í bókhaldinu, sökum þess að krafan gæti ekki staðið á tveimur nöfnum.

Stefnandi vísar til meginreglna samninga-, kaupa- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga, en kröfur um vexti reisir hann á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Um málskostnað vísar stefnandi sérstaklega til 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi krefst sýknu vegna aðildarskorts. Skuldskeyting kröfunnar frá stefnda til Borgeyjar hf. hafi verið gerð, þar sem stefnandi hafi bæði í orði og verki samþykkt, að Borgey hf. tæki á sig skuld stefnda við stefnanda vegna saltkaupa. Viðskiptayfirlit stefnanda beri þetta með sér, þar sem stefnandi hafi fært viðskiptakröfuna af viðskiptareikningi stefnda yfir á viðskiptareikning Borgeyjar hf. og sama dag tekið við greiðslum frá Borgey hf. í formi skuldabréfa, sem numið hafi ríflega þeirri fjárhæð, sem Borgey hf. hafi tekið á sig.

Fallist dómur ekki á, að skuldskeyting hafi verið gerð, heldur stefnandi því fram, að krafa sé að fullu greidd, þar sem umþrætt skuld hafi verið elsta skuld Borgeyjar hf. við stefnanda.

Stefnandi vísar til reglna kröfuréttar og til 2. tl. 16. gr. laga nr. 91/1991. Kröfu sína um málskostnað reisir stefndi á sömu lögum, aðallega 130. gr.

IV.

Niðurstöður.

Eins og fram kemur í stefnu og skv. því, sem að framan er rakið, átti fjármálastjóri Borgeyjar hf. í ágúst eða september 1992 samtal um það við framkvæmdastjóra stefnanda, að Borgey hf. ætlaði að greiða þá kröfu, sem um er deilt í máli þessu, þar sem Borgey hf. væri að taka að sér rekstur stefnda á sviði sjávarútvegs. Samkvæmt framansögðu og gegn mótmælum stefnda verður ekki fallist á það með stefnanda, að samningur hafi með þessu fyrirkomulagi komist á milli stefnanda annars vegar og Borgeyjar hf. og stefnda hins vegar um óskipta ábyrgð hinna tveggja síðastnefndu á kröfunni.

Eins og áður er rakið, var það eftir samtal framkvæmdastjóra stefnanda og fjármálastjóra Borgeyjar hf., að stefnandi færði kröfuna í bókum sínum, 6.559.253 krónur, yfir á reikning Borgeyjar hf., þannig, að skuldin var ekki lengur í bókum stefnanda færð á reikning stefnda. Einnig tók stefnandi við nefndum fjórum skuldabréfum frá Borgey hf., að fjárhæð 8 milljónir, sem nálgæðist þá fjárhæð, sem Borgey hf. skuldaði stefnanda eftir færsluna. Í

framhaldi þessa, þ. e. 9. febrúar 1993, sendi stefnandi stefnda viðskiptayfirlit, þar sem við kröfufjárhæðina var rituð svofelld athugasemd: „Borgey yfirtækur“.

Þar sem Borgey hf. og stefndi voru ekki samskuldarar, þurfti stefnandi að leysa stefnda undan skuldbindingum sínum til þess að öðlast rétt á hendur Borgey hf. Þegar litið er til bréfs stefnanda til stefnda frá 9. febrúar 1993 og samskipta stefnanda og Borgeyjar hf. að öðru leyti auk þeirrar staðreyndar, að stefnandi reyndi ekki að innheimta kröfuna hjá stefnda, fyrr en ljóst var orðið að hans mati, að Borgey hf. myndi ekki greiða kröfuna að fullu, verður að telja, að skuldskeyting hafi komist á, eins og stefndi heldur fram. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 350.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, kt. 680169-3229, er sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Saltkaupa hf., kt. 460290-1559.

Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.
